



---

## **FORELDRAVERÐLAUN 2009**

4. júní í Þjóðmenningarhúsi við Hverfisgötu

# **Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2009**

Þjóðmenningarhús, fimmtudagur 4. júní kl. 16:00

Dagskrá:

## **Tónlistartriði úr Listaháskóla Íslands**

Árni Freyr Gunnarsson

### **Setning**

Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla

### **Ávarp**

Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra

### **Greint frá niðurstöðum dómnefndar**

Fultrúar dómnefndar – Formaður dómnefndar Brynhildur Pétursdóttir

## **Afhending Foreldraverðlaunanna 2009**

### **Athöfn slitið**

Björk Einisdóttir framkvæmdastjóri Heimilis og skóla

### **Tónlistarflutningur við innkomu**

Árni Freyr Gunnarsson

Að lokinni dagskrá er gestum boðið uppá léttar veitingar

Verðlaunagripur Foreldraverðlaunanna 2009 er hannaður og unninn af  
Elisabetu Ásberg

Heimili og skóli þakkar dómnefnd  
vel unnin störf.

Dómnefnd skipa:

Barbara Björnsdóttir  
Heimili og skóli

Brynhildur Pétursdóttir  
Heimili og skóli

Sigurveig Sæmundsdóttir  
Skólastjórafélag Íslands

Guðbjörg Jónsdóttir  
Menntasvið Reykjavíkurborgar

Ásdís Hrefna Haraldsdóttir  
Menntavísindasvið Háskóli Íslands

Þórður Ingi Bjarnason  
Fulltrúaráð Heimilis og skóla

Alda Baldursdóttir  
Svæðaráð Heimilis og skóla



Verðlaunagripir Foreldraverðlaunanna 2009  
eru hannaðir og handunnir af  
Elísabetu Ásberg

**Lýsingar á verkefnum í bæklingnum  
eru unnar upp úr þeim  
tilnefningum sem bárust.**

**Niðurstöður dómnefndar byggjast á  
greinargerðum og rökstuðningi þeirra  
aðila sem tilnefndu.**

## Tilnefningar til Foreldraverðlauna 2009

Ólafur Elí Magnússon	7
Stjórn foreldrafélags Bíldudalsskóla	8
Umsjónarkennarar og bekkjartenglar í Áslandsskóla	9
Margrét Gylfadóttir, Sesselja T. Ólafsdóttir og María Helena Sarabía	10
Björg Ársælsdóttir	11
Reykjanesbær – Fræðsluskrifstofa	12
Ágústa Rósa Andrésdóttir og Katla Guðlaugsdóttir	13
Myllubakkaskóli	14
Bergþóra Valsdóttir	15
ÓB ráðgjöf	16
ÓB ráðgjöf	17
ÓB ráðgjöf	18
Grunnskólinn á Blönduósi og Fræðsluskr. A-Húnavatnssýslu	19
ÓB ráðgjöf	20
Björg Þorvaldsdóttir	21
Fríður Reynisdóttir og Marta María Ástbjörnsdóttir	22
Kópavogsskóli, Ragna Sigurðardóttir, Markús Már Sigurðsson og Sigrún Ólöf	
Ingólfisdóttir – Gjábakki	23
Brekkubæjarskóli	24
Stjórn foreldrafélags Bíldudalsskóla	25
Þorbjörg Valdimarsdóttir	26
Bjarni Karlsson	27
Leikskólinn Ásgarður og Grunnskóli Húnaþings vestra	28
Guðrún Þorbjörg Kristjánsdóttir	29
Rauði kross Íslands	30
Foreldrafélag Réttarholtsskóla	31
Svandís Sturludóttir	32
Vilborg Jónsdóttir og Skólahljómsveit Austurbæjar	33
Starfsfólk leikskólans Álfaheiði	34
Valgerður Guðmundsdóttir og Guðlaug María Lewis	35
Leikskólinn Gimli og Nesvellir Reykjanesbæ	36
Karen Valdimarsdóttir og starfsfólk leikskólans Gimli	37
Foreldrafélag Flataskóla	38
Foreldrafélag Flataskóla	39
Foreldrafélag Réttarholtsskóla	40
Stjórn foreldrafélags Hvassaleitisskóla, Inga Ívarsdóttir	41
Starfsfólk Norðlingaskóla, Sif Vígbórsdóttir	42
Starfsmenn leikskólans í Grænatúni	43
Skólayfirvöld í Rangárpíngi eystra	44



## Ólafur Elí Magnússon

### Öflugt samstarf innan nærsamfélagsins

Ólafur Elí Magnússon lauk kennaraprófi árið 1988 og kenndi á Eskifirði frá 1988-1992. Árið 1992-1993 tók hann sér ársleyfi og náði sér í íþróttá- kennararéttindi. Hann ræður sig sem kennara að Skógum árið 1993-1995. Síðan þá hefur hann starfað á Hvolsvelli, í fyrstu sem íþróttakennari en hin síðari ár einnig sem bekkjakennari.

Ólafur hefur sýnt ungu fólki óbilandi áhuga og hvatt það til dáða og þátttöku í íþróttá- og tómsundastarfi. Hann þjálfar t.d. badminton, blak, borðtennis, frjálssar íþróttir, glímu og skák. Að auki sér hann um íþróttaskóla fyrir börn á leikskólaaldri. Yfir sumartímamann hefur hann séð um og staðið fyrir ýmsum námskeiðum.

Ólafur vilar það ekki fyrir sér að þeysast um landið þvert og endilangt með ungt fólk til að taka þátt í íþróttamótum og telur það ekki eftir sér þó megnið af frítíma sínum fari í þessi störf. Metnaður hans og elja eru engin takmörk sett gagnvart unga fólkinu í sveitarfélaginu og forvarnarstarf hans ómetanlegt.

Hann er þekktur fyrir glaðlyndi, ungmennafélagsandann og það að vera góður félagi í leik og starfi. Hann finnur alltaf leiðir til að ná til nemenda og nálgast hvern og einn á sínum forsendum. Nemendur sem lokið hafa grunnskólaprófi og halda áfram námi hafa leitað til Ólafs eftir aðstoð í stærðfræði, sem hann veitir umorðalaust. Leitun væri að betri fyrirmynd fyrir æskuna okkar. Ólafur hefur sýnt það að framtak eins manns getur skipt höfuðmáli í uppbyggingu á öflugu samfélagi.

**Tilnefndur er:** Ólafur Elí Magnússon

**Tilnefningaraðilar:** Foreldrafélag Hvolsskóla og Leikskólans Arkar



## Stjórn foreldrafélags Bíldudalsskóla

### Öflug starfsemi foreldrafélagsins

Markmiðið með starfsemi foreldrafélagsins er að stuðla að góðu samstarfi og vellíðan nemenda. Fjáröflun fyrir starfsemi foreldrafélagsins og auka tengsl nemenda, foreldra og skólans með aðkomu að flestum atburðum í félagsstarfsemi skólans. Verkefnið hófst 2007 og stjórn foreldrafélagsins sér um verkefnið.

Allir eru samtaka í þessu verkefni. Samtakamátturinn hefur ýtt úr vör vinnu við að fá skólabúning/peysur fyrir allar deildir Grunnskóla Vesturbyggðar með samvinnu nemendfélagsins, foreldra og skólastjórnar. Verkefnið hefur þannig aukið samvinnu og jákvæðni innan skólasamfélagsins. Allir mæta í skólafatnaði og það eykur samheldni og einingu innan skólans. Myndir eru teknar af öllum í göllumum.

Allir eru samtaka í þessu verkefni. Fjáröflun s.s. útgáfa matreiðslubókar var unnin í náinni samvinnu nemenda og foreldra, ömmur, langömmur og frænkur tóku líka þátt í þeirri vinnu. Foreldrafélagið lét hanna og pantaði íþróttagalla fyrir alla nemendur skólans. Félagið sér um að panta nýja/stærri galla á hverju hausti og að niðurgreiða gallana með ágóða af ýmsum skemmtilegum fjáröflunum

**Tilnefnd:** Stjórn foreldrafélags Bíldudalsskóla

**Tilnefningaraðili:** Nanna Sjöfn Pétursdóttir



## Umsjónarkennarar og bekkjatenglar Áslandsskóla Kaffispjall foreldra og umsjónarkennara

Markmiðið er að styrkja samstarf heimilis og skóla, efla samstarf innan árganga í skólanum, mynda betri tengsl milli bekkjartengla, umsjónarkennara og foreldra í árgöngum og stuðla að jafnræði í bekkjum innan sama árgangs.

Verkefnið, sem hófst haustið 2008, gafst vel og er nú í gangi á vorönn. Áformað er að halda þessu áfram einu sinni á haustin og einu sinni á vorin. Stjórn foreldrafélagsins ræddi hugmyndina við skólastjóra. Framkvæmdin hefur verið í höndum bekkjartengla og umsjónarkennara og hugsað að þeir skipuleggi “spjallið” sameiginlega. Boðað er til spjallsins með netpósti í gegnum mentor á alla foreldra/forráðmenn í árgangi. Foreldrar fá þarna tækifæri til að hittast með kennurum, ræða málin og skiptast á skoðunum. Áhersla er lögð á að ræða bæði það sem vel gengur og það sem betur má fara

Við lítum svo á að kaffispjallið verði jákvæð hefð í samstarfi heimilis og Áslandsskóla. Erfitt er að segja til um hvort verkefnið hafi brúað bilið milli foreldra og nemenda þar sem það er enn svo nýtt af nálinni. En nemendur vita þá að foreldrar hafa áhuga á því sem er að gerast og vilja hitta kennara og eiga umræðugrundvöll. Bekkjartenglar og umsjónarkennarar boða til fundar. Með tímanum mætti hugsa sér að jafnvel verði sett upp einhver dagskrá. Fundirnir eru ýmist síðdegis eða á kvöldin. Hist er í heimastofu eins bekkjarins og umræða er opin

**Tilnefndir:** Umsjónarkennarar og bekkjatenglar Áslandsskóla

**Tilnefningaraðili:** Stjórn foreldrafélags Áslandsskóla



**Margrét Gyldfadóttir, Sesselja T. Ólafsdóttir  
og María Helena Sarabía  
Vinafjölskyldur í Vesturbæjarskóla**

Tilgangurinn með verkefninu er að stofna vinafjölskyldur fyrir fjölskyldur erlendra nemenda

Verkefnið fékk styrk frá Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkur og hafa þeir aðilar sem halda utanum verkefnið fundað með foreldrum og kennurum erlendra barna. Verkefnið hefur verið vel kynnt og vandað hefur verið til verka. Góð tengsl hafa myndast milli foreldra og þeir halda sjálfir utanum samstarfið. Þær sem komu verkefninu á eru úr hópi foreldra og virkar í foreldrafélagi skólans.

Verkefnið hefur verið kynnt fyrir kennurum og þeir sjá um að kynna það fyrir nýjum nemendum af erlendum uppruna og foreldrum þeirra. Einnig láta þeir tengiliði verkefnisins vita þegar nýr nemandi kemur í skólann.

Hópurinn vinnur þetta í samvinnu við skólann. Skólinn leggur til aðstöðu til funda og aðstoðar við að koma á tengslum milli aðila og að upplýsingar um nýjar fjölskyldur komist til skila.

Markmiðið er að styrkja stöðu fjölskyldunnar og auðvelda henni að aðlagast í nýjum heimkynnum. Þannig ættu allir fjölskyldumeðlimir að geta nýtt sér stuðninginn á einn eða annan hátt. Verkefnið eflir vinatengsl, auðveldar aðlögun og er þannig mikill stuðningur, bæði meðal barnanna og þeirra fullorðnu.

**Tilnefndar:** Margrét Gyldfadóttir, Sesselja T. Ólafsdóttir og María Helena Sarabía  
**Tilnefningaraðili:** Hanna Guðbjörg Birgisdóttir



## **Björg Ársælsdóttir**

### **Foreldraheimsóknir í Korpuskóla**

Markmið með heimsóknum, kynningum og aðstoð foreldra er að nemendur fái þá tilfinningu að starfsmenn, nemendur og foreldrar séu ein heild sem vinna saman að námi nemenda.

Umsjónarkennarar, list- og verkgreinakennarar ákvarða hvenær þeir vilja bjóða foreldrum í heimsókn til ýmissa verkefna eða aðstoðar. Kennarar hafa samband tímanlega við foreldra a.m.k. viku áður. Ef foreldrar óska eftir því að koma í heimsókn þá geri þeir það í samráði við viðkomandi kennara og með sama fyrirvara.

Foreldrar skulu gæta trúnaðar um allt það sem þeir verða vitni að innan skólans og gæta fyllstu þagmælsku um málefni hvers nemanda, persónulega eða félagslega. Foreldrar skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu þess efnis þegar þeir koma í heimsókn eða til aðstoðar í daglegu starfi. Foreldrar eru kennurum til aðstoðar, þeir taka ekki þátt í kennslu nema kennari óski þess og fara þá eftir fyrirmælum kennara.

Ef foreldrar telja sig þurfa að hafa afskipti af hegðun eða atferli nemenda er hann vinsamlega beðinn um að ræða það við viðkomandi kennara eða koma þeim upplýsingum til skólstjóra.

**Tilnefnd:** Björg Ársælsdóttir

**Tilnefningaraðili:** Nanna S. Kristinsdóttir



## Reykjanesbær Fræðsluskrifstofa

### Uppeldi til árangurs

Uppeldi til árangurs er ætlað að draga úr þunglyndi, kvíða og hegðunarerfiðleikum barna og unglinga, þörf fyrir stofnanavistun og lyfjanotkun. Markmiðið er að auka hamingju borgaranna!

Einn sálfræðingur er verkefnaráðinn í þrjú ár. Foreldrar sækja fræðslufundi og námskeið hjá Reykjanesbæ og heldur Gylfi Jón Gylfason, sálfræðingur utan um þau. Foreldrum eru kennd viðeigandi viðbrögð við þunglyndi og kvíða. Öllum foreldrum unglinga er boðin fræðsla um mikilvæga þætti í uppeldinu.

Fræðslunámskeiðin hafa verið í boði í Reykjanesbæ síðan árið 2000.

Margir foreldrar í Reykjanesbæ eru meðvitaðir um góðar uppeldisaðferðir vegna fræðsluerinda Gylfa Jóns og vita hvað kennarar og annað uppeldismenntað starfsfólk í Reykjanesbæ þekkja og beita innan stofnana.

FRÆ sér um framkvæmd verkefnisins. Foreldrum 2-12 ára barna á þjónustusvæði FRÆ verður boðin þátttaka í námskeiði í uppeldistækni sem minnkar líkur á að börn þrói með sér alvarlega hegðunarerfiðleika. Foreldrum sem vegna aðstæðna geta ekki sótt námskeiðið er boðin fræðsla, sérsniðin að þörfum viðkomandi fjölskyldu. Foreldrar barna með kvíða, þunglyndi og forstígeinkenni þunglyndis fá leiðsögn um hvernig hjálpa má börnum. Kennarar fræðast um stuðning við börn með ofangreind einkenni og hvenær barni er vísað til viðeigandi sérfræðings. Börn í almennum bekkjardeildum á unglíngastigi fræðast um hvernig á að fyrirbyggja og bregðast við einkennum þunglyndis og kvíða.

**Tilnefnd:** Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

**Tilnefningaraðili:** FFGÍR



## Ágústa Rósa Andrésdóttir og Katla Guðlaugsdóttir Fræðsluerindi ADHD

Tilgangur fræðslufundanna er að vekja athygli á margbreytileika ADD og ADHD og hversu mikilvægt það er að fólk fái greiningu sem fyrst.

Verkefnið fór af stað síðastliðið haust og vakti mikla athygli innan skólasamfélagsins á Akranesi þar sem ekki er algengt að fullorðnir einstaklingar með ADD eða ADHD komi fram. Erindi þeirra hefur spurst út og eru þær farnar að fara í önnur sveitafélög með erindi sitt. Báðar eru þær foreldrar og báðar greindust þær sem fullorðnar. Foreldrafélög grunn- og framhaldsskólans hafa sýnt þessu mikinn áhuga og m.a staðið fyrir fræðslufundum fyrir aðra foreldra.

Erindi þeirra er mjög fróðlegt og hefur opnað augu margra fyrir því hversu mikilvægt er að nemendur með þessa röskun fái kennslu við hæfi og að skólasamfélagið mæti þessum nemendum á faglegum grundvelli. Sérstaklega er mikilvægt að finna börnin sem eru með ADD þ.e athyglisbrest án ofvirkni.

Þær hafa einnig vakið athygli á því að fjöldi foreldra barna með ADD eða ADHD eru sjálfir einnig haldnir þessari röskun án þess að hafa fengið greiningu. Því sé mikilvægt að koma fram við foreldra af virðingu. Þær benda á að margvíslegar rannsóknir hafi, á seinni árum, sýnt mjög afgerandi fram á arfgengi þessa kvilla.

Það er án efa erfitt að koma fram sem fullorðinn einstaklingur og foreldri og segja frá ævi sinni, skólagöngu, erfiðleikum í námi ofl. Með því að stíga þetta skref hafa þær Ágústa og Katla ekki einungis opnað augu skólasamfélagsins heldur einnig foreldra fyrir mikilvægi þess að fá rétta greiningu. Ekki til þess að afsaka gerðir eða lífshlaup sitt heldur til að skilja betur ástæður ýmissa þátta.

**Tilnefndir:** Ágústa Rósa Andrésdóttir og Katla Guðlaugsdóttir  
**Tilnefningaraðili:** Heiðrún Janusardóttir



## **Myllubakkaskóli**

### **Jóla kort til aldraðra**

Markmiðið er að tengja saman unga og aldna í sönnum jólaanda. Jóla kort eru hönnuð af nemendum skólans. Samkeppni er um myndir í jóla kortin. Teikningar eru unnar í myndmenntatímum þó ekki um hver jól. Kortin eru til eldri borgara Reykjanesbæjar. Nú er miðað við 75 ára aldur en í byrjun var miðað við 67 ára aldur. Nemendur í 4.-10. bekk skrifa á kortin og sjá um dreifingu ásamt umsjónarkennara. Hver hópur fær ákveðið svæði eða bæjarhluta. Algengt er að hver nemandi skrifi á nokkur kort.

Verkefnið hvetur nemendur og foreldra til að ræða saman um hina öldnu í samfélaginu. Iðulega berast kort eða kveðjur til nemenda frá þakklátum eldri borgurum. Verkefnið hófst upp úr 1980 og hin langa saga verkefnisins talar sínu máli.

**Tilnefndir eru:** Myllubakkaskóli

**Tilnefningaraðili:** Kristján A. Jónsson



## **Bergþóra Valsdóttir**

### **Starf í þágu foreldra**

Bergþóra hefur verið að efla þátttöku foreldra í skólastarfinu á jákvæðan og uppbyggjandi hátt. Hún hefur sinnt þessu verkefni af mikilli ástríðu og umhyggju svo sómi er að. Störf hennar hafa fest sig í sessi í flestum ef ekki öllum foreldrafélögum og foreldraráðum, nú skólaráðum, Reykvikurborgar og víðar því hún hefur verið óþreytandi við að halda námskeið og liðsinna foreldrafélögum og ráðum.

Mjög margir foreldrafulltrúar í foreldrafélögum og ráðum hafa komið á námskeið og fundi sem Bergþóra hefur haldið og leiðbeint. Auk þess hefur hún liðsinnt mjög mörgum foreldrum, skólastjórum og kennurum við þetta samstarf. Starf hennar hefur eftir foreldrastarf í grunnskólum Reykjavíkur til mikilla muna og í raun mótað það þróttmikla starf sem er í gangi á vegum Samfoks.

Bergþóra hefur unnið starf sitt af jákvæðni og umhyggju sem skilar sér í því frábæra starfi sem foreldrafélögin í Reykjavík hafa unnið í því að byggja upp jákvæðar hefðir í samstarfi heimila og skóla. Hún hefur starfað sem foreldrafulltrúi og í foreldraráði Korpuskóla og hefur verið óþreytandi við að leita leiða til að koma á jákvæðu og uppbyggjandi foreldrastarfi. Bergþóra hefur unnið óeigingjarnt, jákvætt og frábært starf fyrir hönd foreldra í Reykjavík og víðar.

**Tilnefnd er:** Bergþóra Valsdóttir

**Tilnefningaraðili:** Svanhildur M. Ólafsdóttir skólastjóri Korpuskóla



## ÓB ráðgjöf Hugsað um barn

Markmiðið með verkefninu er að fylla upp í það tómarúm sem vantar í kennslu á Íslandi. Að eignast barn er væntanlega eitt það mikilvægasta sem gerist á lífsleið meðalmanns og vel flestir eignast barn á ævinni en fáir fá fræðslu um hvað fylgir því að eiga og ala upp barn. Verkefnið fór fyrst af stað 2004 í skóla í Reykjanesbæ og hefur síðan verið í öllum grunnskólum bæjarins.

Aðkoma foreldra á náttúrulega að vera sem minnst því það er ætlast til þess að nemendur hugsu um barnið. Foreldrar þurfa hins vegar að gefa leyfi fyrir verkefninu og þurfa að aðstoða þá sem þess þurfa við „uppeldið“ á barninu eina helgi og að sjálfsögðu vakna foreldrarnir líka við gráturinn á nóttunni. Foreldrar eru einnig hvattir til að ræða við börnin sín um barneignir, kynlíf og vímuefni og fylgifyska þess.

Það er stundum þannig að samband milli kennara/skóla og foreldra er ekki mikið en þarna er frábær leið til að fá foreldrana til að koma og taka þátt og kynna sér það sem skólinn hefur upp á að bjóða. „Heimavinna“ er ekki skylda og er alfarið í höndum foreldra og nemenda að ákveða hvort raunveruleikabarn er tekið á heimilið yfir helgi.

Verkefnið *Hugsað um barn* felst í því að unglingarnir, bæði drengir og stúlkur, fá raunveruleikabarn með sér heim í nokkra daga. Hér á landi fá unglingarnir að reyna ábyrgð foreldrahlutverksins yfir eina helgi. Í tengslum við þessa helgi fá unglingarnir töluverða fræðslu um ábyrgðina sem felst í barnauppleði. Nemendurnir fá fræðslu um skaðsemi tóbaks, áfengis og fíkniefna á meðgöngu og skaðsemina sem neysla veldur þeim og þeirra lífi.

Í verkefninu er vakin athygli á ábyrgðinni sem fylgir kynlífi og ábyrgðinni sem fylgir því að vera foreldri.

**Tilnefnd er:** ÓB ráðgjöf

**Tilnefningaraðili:** Yngvi Þór Geirsson



## ÓB ráðgjöf Hugsað um barn

Markmið verkefnisins „Hugsað um barn” eru m.a; að unglingar takist á við þá ábyrgð sem því fylgir að stunda kynlíf og að annast ungabarn, fræða og styðja foreldra í uppeldislutverkinu og að leiðbeina foreldrum um hvernig þeir geti rætt við börnin um kynlíf og vímuefni.

Foreldrar þurfa að samþykka að barnið þeirra fái að taka þátt og þau verða “amma og afi” eina helgi. Foreldrar mæta með barninu sínu á fræðslufund þegar raunveruleikabarnið er afhent.

Það að foreldrar komi á fræðslufund eins og þennan þar sem umsjónarkennarar, skólastjóri, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur eru líka, styrkir tengslin milli þessara hópa. Það eru allir að tala um það sama, velferð nemendanna og þeirra framtíð. Það myndast skemmtileg stemning þegar nemendur fá “barn” heim. Það að sjá unglinga með “barn” með sér í búðinni, úti að ganga eða á íþróttæfingu skapar skemmtilegar umræður í samfélaginu.

Með umræðu um forvarnir, kynlíf og barnauppeldi, þessa helgi sem “barnið” er heima, er öll fjölskyldan þátttakandi. Þetta verkefni opnar á umræðu milli foreldra og barns sem hefði jafnvel orðið seinna eða aldrei en er mikilvægur liður í uppeldi unglinga. Í tvo sólarhringa eru nemendurnir í hlutverki foreldra og verða að sinna öllum þörfum dúkkunnar, á nóttu sem degi. Umönnun lýkur síðan um klukkan sjö á mánudagsmorgni. Eftir það er prentuð út skýrsla sem vistuð er í minni dúkkunnar þar sem fram kemur hvernig umönnunin gekk yfir helgina.

**Tilnefnd er:** ÓB ráðgjöf

**Tilnefningaraðilar:** Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri, Anna Þóra Þorgilsdóttir skólahjúkrunarfræðingur og Brynhildur Benediktsdóttir námsráðgjafi við Brekkubæjarskóla



## ÓB ráðgjöf Aðlögun að foreldrahlutverki

Mikil ábyrgð fylgir því að eignast og annast um barn. Foreldrahlutverkið er ævilangt starf og krefst breytinga á lífsstíl, viðhorfum og hegðun. Námsefni ÓB ráðgjafar býr nemendur undir þetta erfiða og skemmtilega hlutverk.

Áfanginn, sem gefur tvær einingar, var vinsælasti áfanginn í Menntaskólanum í Kópavogi á þessari önn. Námskeiðið var fullbókað á innan við viku, 43 nemendur tóku þátt. Er það í fyrsta sinn sem við vitum til að framhaldsskólanemum standi slíkt til boða og fái fyrir það einingar til stúdentsprófs. Verkefnið var samstarfsverkefni Menntaskólans í Kópavogi, Heilsugæslunnar í Kópavogi og ÓB-ráðgjafar. Námskeiðið fólst í þremur tvöföldum kennslustundum þar sem unglingarnir voru fræddir um kynlíf, getnað, umönnun barna og foreldrahlutverk, getnaðarvarnir, kynsjúkdóma „og fleira sem á erindi við aldurshópinn.“

Foreldrar komast tæplega hjá því að verða varir við “barnið” og í framhaldi spinnst holl og þörf umræða um kynlíf unglinga, ábyrgð, getnaðarvarnir, ótímabæra þungun og foreldrahlutverk. Í áfanganum eru nemendur fræddir um foreldrahlutverkið og afleiðingar ótímabærrar þungunar með því að fá þeim í hendur svokallað raunveruleikabarn. Það er brúða sem lítur út eins og ungabarn en er með tölvuheila. Nemandi þarf að sinna barninu, t.d. bregðast við gráti þess, gefa því að borða, skipta um bleiu o.s.frv. Á föstudegi er barnið afhent nemanda. Á mánudagsmorgni er barninu skilað og skýrsla um hvernig því var sinnt er prentuð út og einkunn gefin í samræmi við það. Í framhaldi er rætt um hvernig gekk og þá upplifun að bera ábyrgð á ungabarni dag og nótt.

**Tilnefnd er:** ÓB ráðgjöf

**Tilnefningaraðili:** Menntaskólinn í Kópavogi



## **Grunnskólinn á Blönduósi og Fræðsluskrifstofa A-Húnavatnssýslu Tökum saman höndum**

Markmiðið með verkefninu er að bæta líðan og námsárangur nemenda í unglingsdeild Grunnskólans á Blönduósi. Öllum börnum á að líða vel í skólanum og hæfileikar allra eiga að njóta sín til fulls. Til að ná þessu markmiði getur þurft að nota misjafnar aðferðir og stundum óhefðbundnar leiðir. Verkefnið hefur reynst vel og er því orðið eitt af þeim úrræðum sem skólinn býður öllum nemendum á unglingsstigi..

Ef nemandi er í vanda félagslega, tilfinningalega, námslega eða annað býður skólinn honum og foreldrum hans að taka þátt í verkefninu *Tökum saman höndum*. Umsjónarkennari, sérkennari eða skólustjórnandi ræða við nemandann og útskýra verkefnið. Nemandinn skrifar niður allt sem hann telur að betur mætti fara honum til hagsbóta. Allar hugmyndir eru teknar til greina.

Foreldrar eru hluti af teymi sem hittist á 4 - 6 vikna fresti. Allir í teyminu hafa jafn mikið vægi í teymisvinnunni. Ein megin forsenda árangurs þessa vinnulags er að allir séu jafngildir meðlimir teymisins, foreldrar ekki síður en aðrir. Allir eiga að upplifa að þeir séu í sama liði og þá myndast samkennd.

Þeim foreldrum og nemendum hefur fjölgað sem nýtt hafa sér þennan samstarfsmáta sem svo hefur orðið til þess að auka jákvæð samskipti heimila og skóla. Það næst oft sátt með þessari vinnu milli foreldra og nemenda þar sem þeir fá stuðning til að skilja betur stöðu sína og vilja.

**Tilnefndir:** Grunnskólinn á Blönduósi og Fræðsluskrifstofa A-Húnavatnssýslu

**Tilnefningaraðili:** Foreldrafélag Grunnskólans á Blönduósi



## ÓB ráðgjöf

### Samstarf foreldra og skóla

Markmiðið með verkefninu er að auka foreldrahæfni og að undirbúa unglunga fyrir það ábyrgðarhlutverk sem foreldrahlutverkið er. Verkefnið hófst árið 1998 fyrir foreldra leikskólabarna, 2004 hófst fræðsla fyrir unglunga í grunnskólum og 2008 í framhaldsskólum

Foreldrar leikskólabarna sækja 6 vikna námskeið. Í grunnskóla og framhaldsskóla taka foreldrar þátt með barninu sínu heila helgi í umönnun barns.

Það eru allir sem leggjast á eitt við að hjálpast að við að takast á við verkefnið sem námskeiðin byggjast á. Þau eru haldin ár eftir ár í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.

Foreldranámskeiðið stuðlar að jákvæðum samskiptum foreldra og barna og ekki síður foreldra við aðra foreldra. Það sem gert er í grunnskólum og menntaskólum eflir samband foreldra og unglunga og gefur okkur sem foreldrum innsýn í nám þeirra og líf.

Við höfum nota allt það sem við lærðum á foreldranámskeiðinu árið 1998 þegar synir okkar voru 6 ára og tveggja mánaða og hefur það reynst okkur frábært hjálpartæki í uppeldi þeirra. Einnig tókum við þátt í grunnskólanámskeiðinu með eldri syni okkar sem varð það til þess að styrkja okkur í foreldrahlutverkinu

**Tilnefndur er:** Ólafur Grétar Gunnarsson – ÓB ráðgjöf  
**Tilnefningaraðili:** Þórunn Íris Þórisdóttir



## Björg Þorvaldsdóttir

Björg stýrir sérkennslu við Nesskóla af einstakri alúð og hefur það vakið athygli hversu yfirgripsmiklu starfi hún sinnir. Starf hennar er einstaklega faglegt og hún hefur stuðlað að árangursríku samstarfi milli foreldra og kennara Nesskóla.

Gripið er inn í kennslu þeirra nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda strax við upphaf skólagöngu en ekki er beðið eftir því að einstaklingar fái greiningu. Björg þekkir vel til sérstöðu allra nemenda Nesskóla sem eru af erlendu bergi brotnir og hafa íslensku ekki sem sitt fyrsta tungumál. Hún hefur kynnt sér aðstæður þessara nemenda og veit hvort foreldrar þeirra skilja eða tala íslensku.

Í upphafi hvers skólaárs fer Björg vandlega yfir allar sérþarfir nemenda þannig að nýir kennarar eru settir inn í sérþarfir hvers nemenda t.d. hvað varðar lesblindu, sérþarfir til próftöku, þarfir nemenda með ýmsar raskanir sem þurfa e.t.v. að fara úr tímum o.s.frv. Þetta hefur mikla þýðingu og því er upplýsingaflæði tryggt um sérþarfir hvers einstaklings sem er ómetanlegt og getur komið í veg fyrir óþarfa árekstra og samskiptaerfiðleika. Hún hefur haft þann hátt á að koma á föstum mánaðarlegum fundum milli foreldra, umsjónarkennara og annarra aðila sem koma að kennslu og umönnun barna sem eiga við námserfiðleika að stríða eða aðrar raskanir.

Þessi þverfaglega vinna sem Björg hefur komið á fót hefur stutt við foreldra sem eru að takast á við mikla erfiðleika vegna skólagöngu barna sinna. Hún er í raun ómetanlegur milliliður á milli foreldra og nemenda annars vegar og hins vegar þeirra úrræða sem skólakerfið hefur upp á að bjóða. Björg hefur margoft sýnt það að hún er tilbúin til þess að leggja lykkju á leið sína ef það getur orðið skjólstæðingum hennar til framdráttar.

**Tilnefnd er:** Björg Þorvaldsdóttir

**Tilnefningaraðili:** Foreldrafélag Nesskóla



## **Fríður Reynisdóttir og Marta María Ástbjörnsdóttir** **Samskipti og samvinna í Borgaskóla**

Tilgangur verkefnisins er að efla samstöðu og samstarf foreldra með markvissu kynninga- og fræðslustarfi, auka og bæta samstarf heimila og skóla, hafa markvisst hópefli fyrir nemendur og efla félagsfærni nemenda.

Haldnir eru fundir með foreldrum þar sem blandað er saman kynningu, fræðslu og umræðum. Þessir fundir eru haldnir í skólanum fyrir hvern árgang fyrir sig á hverju ári. Hópefli er fyrir nemendur sem kennarar og námsráðgjafi undirbúa og hafa í hverjum árgangi og tengist lífsleikni. Foreldrar hafa með höndum umræðustjórn og taka þátt í skipulagningu funda og umræðum. Foreldrar kynnast á þessum fundum og ræða saman og eiga auðveldara með að tala hver við annan ef mál koma upp sem þarfnast umræðu í árgöngunum.

Til að auka fræðslu til foreldra og tengsl þeirra á milli er boðað til fundar í hverjum árgangi einu sinni á hverju skólaári. Fundirnir eru u.þ.b. klukkutíma langir og byrja með fræðslu einhverra fagaðila innan skólans eða þjónustuaðila skólans. Umsjónarkennari er á fundinum og er foreldrum boðið að ræða við hann eftir fundinn. Í kjölfarið á fræðslunni ræða foreldrar saman um þá þætti skólastarfsins og samskipti barna sinna sem efst eru á baugi hverju sinni. Áhersla er lögð á að foreldrar myndi tengsl sem hafi jákvæð áhrif á skólagöngu barna þeirra. Á svipuðum tíma er skipulagt með nemendum í hverjum árgangi hópefli í þeim tilgangi að efla félagsfærni þeirra og gera þá meðvitaðri um samvinnu, samstarf og tillitssemi við aðra.

**Tilnefndir:** Fríður Reynisdóttir og Marta María Ástbjörnsdóttir

**Tilnefningaraðili:** Inga Þórunn Halldórsdóttir skólastjóri



## **Kópavogsskóli og Gjábakki**

### **Samstarf Kópavogsskóla og Gjábakka**

Upphaflegur tilgangur verksins var að koma á samskiptum og samstarfi barna sem eru að byrja grunnskólagöngu sína og eldri borgara sem taka þátt í félagsstarfi aldraðra í Gjábakka. Með því er leitast við að brúa bilið milli kynslóðanna. Upphaf verkefnisins má rekja til haustsins 2002 þegar þáverandi nemendur fyrsta bekkjar hófu samskipti við dvalargesti í Sunnuhlíð. Þau samskipti stóðu yfir í fjögur ár. Þegar núverandi 3. bekkur Kópavogsskóla var í 1. bekk (haustið 2006) var ákveðið að breyta áherslum og tekið upp samstarf við Gjábakka og það samstarf hefur síðan aukist með hverju árinu og samskiptin eru nú mikil.

Aðkoma foreldra að verkefninu var lítil í upphafi en hefur aukist mjög í alls konar aðstoð við bekkjarkennara og hópinn á bekkjarkvöldum og skemmtunum þar sem eldri borgarar eru þátttakendur. Þar er um að ræða undirbúning og umsjón með veitingum, aðstoð við skemmtiatriði og þau verkefni sem unnin eru vegna samstarfsins hverju sinni.

Verkefnið hefur leitt af sér mikil samskipti kennara, eldri borgara og foreldra og ljóst að erfitt er að vinna verkið án aðkomu og stuðnings foreldra við það. Samskipti kennara og foreldra eru mun meiri en áður enda að mörgu að huga þegar horft er til ungs aldurs nemendanna og umfangs verksins, sem hefur stöðugt aukist og undið utan á sig.

**Tilnefndir:** Kópavogsskóli og Gjábakki

**Tilnefningaraðili:** Guðmundur Ásmundsson skólastjóri Kópavogsskóla



## **Brekkubæjarskóli – Anna Þóra Þorgilsdóttir**

### **Hugsað um barn**

Verkefnið er alhliða forvarnarverkefni um lífsstíl unglunga. Það hjálpar þeim að taka upplýsta ákvörðun um kynlíf, áfengi/vímuefni, mikilvægi þess að standa sig í námi og stuðlar að samvinnu unglunga og foreldra.

Verkefnið hefur fest sig í sessi sem áhrifaríkt forvarnarverkefni. Það vekur unglunga til umhugsunar um afleiðingar kynlífs og leitast við að hafa áhrif á að unglingar byrji að stunda kynlíf eldri en nú þekkist og axli ábyrgð.

Foreldrar fá kynningarfund um verkefnið og þegar “barnið” er komið á heimilið - verða þeir “afi og amma” um stund. Í því hlutverki gefst tækifæri til að fræða og leiðbeina, ræða hluti sem annars væru kannski ekki eða lítið ræddir. Þetta er líka gott tækifæri fyrir foreldrana að leyfa unglungum að axla ábyrgðina, gæta þess að grípa ekki inn í eða skipta sér af að óþörfu.

Verkefnið er öllum mikilvægt, unglungurinn skynjar afleiðingar kynlífs og þá ábyrgð sem fylgir nýju lífi. Foreldrarnir styrkja tengsl við unglunginn og fá kærkomið tækifæri til að ræða við hann um kynlíf, barneignir, segja frá eigin reynslu og hvaða ábyrgð fylgi nýju lífi. Þetta eru umræður sem oft á tíðum vilja gleymast eða er viljandi ýtt til hliðar. Kennarinn finnur að foreldrarnir taka þátt í kennslunni og stuðla þannig að betri árangri.

**Tilnefnd:** Anna Þóra Þorgilsdóttir hjúkrunarfræðingur og umsjónarkennarar 10. bekkja.

**Tilnefningaraðili:** Margrét Þorvaldsdóttir



## Foreldrafélag Grunnskóla Bíldudals

Tilgangurinn með foreldrafélaginu er að efla samstarf foreldra, kennara og barna

Ráðist hefur verið í ákveðin verkefni nokkrum sinnum á ári t.d. fjársöfnun sem hefur verið notuð til menningaferða og lagfæringar á búnaði í skólanum. Foreldrar hafa unnið mikið með nemendum og kennurum og þegar allir taka þátt í að skapa gengur allt vel. Allir eru miklu jákvæðari og svo er meiri gleði ef árangur er góður. Þegar foreldrar sýna áhuga á því hvað börnin eru að gera ætti ekki að vera mikið bil á milli kynslóða.

Hér hefur stjórn foreldrafélags unnið mikið og gott starf sem kemur börnunum og öllu samfélaginu til góða.

**Tilnefnt:** Foreldrafélag Grunnskóla Bíldudals

**Tilnefningaraðili:** Birna H. Kristinsdóttir



## **Þorbjörg Valdimarsdóttir**

Markmiðið með starfinu er að halda úti atferlisþjálfun fyrir einhverfan dreng.

Jafnframt að nemandi fái þá þjálfun sem honum ber og hann þarfnast.

Foreldri barnsins hefur verið þjálfí hans við skólann eftir hádegi alla daga vikunnar á mótí öðrum þjálfá

Samstarfið er einstaklega gott milli heimilis og skóla. Unnið er í atferlisþjálfunarkerfi sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins leggur til að gert sé og foreldrar hafa um að segja. Þjálfí í skóla og foreldri vinna mjög samstíga að þjálfun. Þjálfunarmappa gengur á milli og er því alltaf verið að vinna í samræmi við það sem gert var fyrr um daginn eða daginn áður. Fundað er vikulega milli heimilis og skóla (þjálfar) varðandi daglega þjálfun. En teymisfundir eru mánaðarlega milli heimilis og skóla. Fundinn sitja foreldrar, skólastjóri, þjálfí og fulltrúi frá sveitarfélagi.

Það verður ekki annað sagt en að þarna fara einstaklega jákvæðir foreldrar. Þau leggja sitt af mörkum til að samstarf heimilis og skóla sé sem best. Allir hafa það að markmiði að einstaklingurinn njóti sýn í því umhverfi sem hann er í hverju sinni. Það er sama hvaða hindranir hafa verið á veginum, alltaf má sjá lausnir í huga foreldra.

Þess er vert að geta að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins kemur reglulega norður, fer yfir gögnin og ráðleggur þjálfum.

**Tilnefnd:** Þorbjörg Valdimarsdóttir

**Tilnefningaraðili:** Foreldrafélag leikskólans Ásgarðs



## Bjarni Karlsson

Verkefnin sem séra Bjarni vinnur með okkur í foreldrafélagi Laugarnesskóla og með Laugarnesskóla eru margskonar sem hafa þann tilgang að bæta samfélagið og auka samheldnina hér í Laugarneshverfi.

Verkefnin hafa fest sig þannig í sessi að flest eru þau árlegar upptakur sem dreifast yfir allan veturinn og enda með glæsilegri vorhátíð. Foreldrar koma mismikið að verkefnunum. Aðalhlutverk foreldra hefur verið að vinna við undirbúning verkefnanna og skiptast á með viðveru og utanumhald þeirra.

Öll þessi verkefni sem séra Bjarni tekur þátt í með okkur hérna í foreldrafélagi Laugarnesskóla gerir það að verkum að það eru mikil samskipti á milli fólks og eykur á samkenndina í hverfinu okkar.

Verkefnin hafa flest það markmið að fólk komi saman, njóti hvers annars og kynnist innbyrðis, bæði börn og foreldrar. Sem dæmi um verkefnin sem séra Bjarni vinnur að með okkur í foreldrafélagi Laugarnesskóla og okkur öllum í Laugarneshvefi er verkefnið *Tíu ára í tjaldi* sem er verkefni þar sem foreldrafélagið, ÍTR og kirkjan standa fyrir ferð 4. bekkjar í Katlagil. Þar gistir hópurinn í tjöldum í eina nótt. Í þessa ferð komast allir með óháð efnahag. Bjarni mætir iðulega og gistir með hópnunum.

Svo er það Laugarnes á ljúfum nótum sem er vorhátíð sem haldin er hér í Laugarneshverfinu. Að henni koma kirkjan, skólarnir, leikskólarnir o.fl

**Tilnefndur:** Baldur Karlsson

**Tilnefningaraðili:** Foreldrafélag Laugarnesskóla



## Leikskólinn Ásgarður og Grunnskóli Húnaþings vestra Samstarf leik- og grunnskóla í Húnaþingi vestra

Markmið samskipta grunn- og leikskóla eru að tryggja samfellu í námi nemenda og öruggan flutning nemenda milli skólastiga. Með því er átt við að samvinna og samráð sé milli stofnananna, stjórnenda þeirra og kennara um námsefni og aðferðir. Að börn og foreldrar finni til öryggis þegar líður að því að kveðja leikskólann og takast á við næsta skólastig.

Verkefnið stuðlar að auknum samskiptum skólastiganna, eykur upplýsingaflæði milli stofnananna og jafnframt til foreldra. Við upphaf grunnskólanáms fá foreldrar upplýsingar um hvaða breytingar eiga sér stað og hvað er í vændum. Jafnframt flytjast upplýsingar betur milli leik- og grunnskóla svo móttaka nemenda verður öruggari og foreldrar finna vonandi fyrir því að grunnskólinn sé betur í stakk búinn til að taka við börnum þeirra og börnin tilbúnari til að skipta um skóla.

Það er afar jákvætt að stuðlað sé að fræðslu fyrir foreldra við upphaf grunnskólagöngunnar um þau tímamót sem þar eiga sér stað og leggur það grunninn að frekari samskiptum. Þá er afar gott fyrir börnin að kennari úr leikskólanum fylgi þeim fyrstu dagana á grunnskólagöngunni.

Á skólafærninámskeiði er lögð áhersla á að útskýra fyrir foreldrum þær breytingar sem eiga sér stað í lífi barnanna og hve mikilvægt er að sýna þeim skilning.

**Tilnefndir:** Leikskólinn Ásgarður og Grunnskóli Húnaþings vestra

**Tilnefningaraðilar:** Foreldrafélag leikskólans Ásgarðs og Foreldrafélag Grunnskóla Húnaþings vestra.



## Guðrún Þorbjörg Kristjánsdóttir Byggjendaklúbbur Engjaskóla

Markmið með klúbbnum er að skapa tækifæri til að vinna saman að þjónustu við skóla og samfélag, skapa leiðtogaefni, auka við þróun á almennu siðgæði og efla virðingu við skólann, samfélagið og þjóðina

Klúbburinn hefur verið starfandi frá 2004. Hann er stofnaður í samráði við skólustjórnendur Engjaskóla og er eini klúbbur sinnar tegundar á Íslandi. Hann er styrktur af Kiwanisklúbbnum Höfða. Guðrún Þorbjörg Kristjánsdóttir kennari kom þessum klúbbi á laggirnar, situr alla fundi með nemendum og er þeim innan handar í hvívetna.

Nafnið Byggjendaklúbbur er notað yfir klúbba sem eru fyrir krakka á aldrinum 10 til 14/15 ára hér á landi. Nafnið gefur til kynna að verið sé að byggja upp. Uppbygging sjálfsmyndar og sjálfsvirðingar er eitt aðalstarf slíkra klúbba sem beinist að því að krakkar læra að koma fram og tala auk þess sem þau eru hvött til að finna sér verkefni og starfa að þeim til heilla fyrir sitt skólaumhverfi og nánasta umhverfi. Í Byggjendaklúbbnum eru kosnir embættismenn, forseti, kjörforseti, ritari og fjárhirðir. Samvinna er lykill að þessu starfi því þarna þurfa allir að vinna saman bæði í einstökum nefndum og klúbbnum sem heild. Allir geta verið með í nefndum þar sem nemendurnir leysa þau mál og verkefni sem upp kunna að koma. Þessi starfsemi hefur blómstrað í skólanum undanfarin ár. Foreldrar og nemendur eru mjög ánægðir með starfseminu og því væri klúbburinn vel að viðurkenningu kominn.

Í ár stendur klúbburinn fyrir samkeppni meðal nemenda um að koma upp útivistarsvæði á ósnortnu svæði vestan við skólann þar sem hægt væri að hafa útikennslustofur. Jafnframt er miðað við að foreldrar hverfisins geti haldið þar afmæli og grillað. Þannig myndu foreldrar tengjast skólanum enn frekar.

**Tilnefnd:** Guðrún Þorbjörg Kristjánsdóttir

**Tilnefningaraðilar:** Foreldrafélag Engjaskóla



## **Rauði Kross Íslands**

### **Hugsað um barn**

Foreldrar og kennarar ræddu um verkefnið áður en það hófst og eftir að því lauk. Þeir voru sammála um að það hafi haft jákvæð áhrif á unglíngana. Verkefnið kemur af stað nauðsynlegri umræðu meðal unglíngna, foreldra og kennara og hefur fyrirbyggjandi áhrif.

Markmiðið er að fá unglíngna til þess að hugsa um afleiðingar frjáls kynlífs og gera þeim grein fyrir ábyrgðinni sem fylgir því að eignast barn. Verkefnið hefur verið reynt einu sinni en tókst mjög vel og er ætlunin að halda því áfram með nemendum 9. bekkjar á næsta ári.

Foreldrar komast ekki hjá því að verða þátttakendur þegar ungbarn er komið á heimilið og í kjölfarið skapast umræður um þessi mál.

Nemendur og foreldrar ræða um ábyrgð þess að eiga barn og þá staðreynd að unglíngarnir eru í raun bara börn ennþá og hafa ekki þann þroska sem þarf til þess að takast á við barneignir. Þar af leiðandi verða þeir að fara varlega í kynlíf.

**Tilnefndur:** Rauði Kross Íslands

**Tilnefningaraðilar:** Varmalandsskóli



## Foreldrafélag Réttarholtsskóla Örnámskeið fyrir nemendur og foreldra

Tilgangur örnámskeiðsins er að hafa vettvang fyrir foreldra/forráðamenn og börn í Réttarholtsskóla til að deila saman áhugamálum og verja degi saman. Markmið að foreldrar og forráðamenn fái eitthvað til að njóta og upplifa nýtt eða gamalt og læra.

Foreldrar voru beðnir um að bjóða fram krafta sína til að halda námskeið (örnámskeið) 20 mín - 45 mínútur fyrir börn og foreldra og héldu þeir námskeiðin sem aðrir foreldrar og börn sóttu og upplifðu. Dæmi um námskeið: smettisskrudda (facebook) dansnámskeið, brjóstsykursgerð, trjáklippingar, lúsaleit, heimspekilegar tilraunir, skíðaumhirða, snyrtinámskeið fyrir ungar stúlkur og margt fleira.

Bæði foreldrar og kennarar tóku þátt í undirbúningi og voru kennarar virkir í að aðstoða og fá nemendur til að skapa stemningu í skólanum með merkingum og umgjörð skólans þennan dag. Þarna hittast foreldrar/forráðamenn og börn bæði úr Réttarholtsskóla og skólunum tveimur, Fossvogsskóla og Breiðagerðisskóla, sem síðan sameinast í 8. bekk í Réttarholtsskóla. hittast og deila saman góðum degi með kennurum.

Foreldrar og nemendur fá þarna tækifæri til að taka þátt og vinna saman að því að gera viðburð þennan skemmtilegan og áhugaverðan og móta um leið menningu skólans. Örnámskeið þar sem foreldrar og börn, ásamt kennurum, eyða einum laugardegi saman í að sækja hin ýmsu námskeið og upplifa ánægjulega samveru. Kaffisala er á staðnum til styrktar skólastarfi og var keypt nýtt fótboltaspil fyrir skólann við mikla ánægju nemenda.

**Tilnefnt:** Foreldrafélag Réttarholtsskóla

**Tilnefningaraðili:** Unnur Ágústsdóttir



## **Svandís Sturludóttir**

### **Flott án fíknar**

Markmiðið er að styrkja unglinga til þess að velja félagsskap þar sem áfengi og vímugjöfum er hafnað. Einnig að styrkja unglinga í að skemmta sér saman án áfengis- og vímugjafa og að skólinn, foreldrar og félagsmiðstöð leggi sitt af mörkum við að stuðla að heilbrigðri unglिंगamenningu.

Það er foreldrið Svandís sem heldur utan um verkefnið í sjálfböðavinnu. Hún hefur skipulagt atburði í samvinnu við aðra foreldra og í samvinnu við Fókus, en þessi félagsskapur hefur verið nýttur til þess að tengjast félagsmiðstöðinni enn frekar. Ég vel þetta verkefni til tilnefningar þar sem það er afmarkað og skýrt EN... Svandísi er hægt að tilnefna fyrir margra hluta sakir sem foreldri. Hún gekkst fyrir fjáröflun (sem foreldri) svo allir nemendur í 7. bekk kæmst að Reykjum í Hrótafirði á krepptímum. Hún hefur verið bekkjarfulltrúi í bekkjum dætra sinna og staðið fyrir skemmtunum og samráðsfundum. Hún er vakandi yfir velferð barnanna og mjög drífandi í öllu starfi.

Verkefnið er fyrir nemendur í 7.-10. bekk og hefur hlotið einróma lof foreldra. Svandís kallar eftir sjálfböðaliðum fyrir atburðina og hefur það verið auðsótt mál.

Nemendur gefa upplýst samþykki um að hafna áfengi og öðrum vímugjöfum. Við það samþykki ganga þeir í Klúbbinn *Flott án fíknar*. Klúbbstjóri í samvinnu við félagsmiðstöð og foreldra skipuleggur eftirsóknarverða atburði.

**Tilnefnd:** Svandís Sturludóttir

**Tilnefningaraðili:** Hildur Jóhannsdóttir aðstoðarskólaljóri



## **Vilborg Jónsdóttir og Skólahljómsveit Austurbæjar - Þróunarverkefni Skólahljómsveitar Austurbæjarskóla**

Tilgangur með verkefninu er að fá börnin til að kynnast íslenskum tónsmíðum m.a. samspili tóna og leiks. Foreldrar fylgjast með af fullum hug - mæta á æfingar og konserta. Mikil og góð samskipti eru á milli stjórnanda og foreldra.

Skólahljómsveitin fékk Harald Vigni Sveinbjörnsson tónskáld til að semja nokkur lög fyrir kammerhóp fyrir 2 árum og nú hefur hann sett þau í nýjan búning með heilli hljómsveit. Löggin eru öll um dýr, fil, tigrisdýr, apa, kópru og krókódíl. Við höfum fengið Jóhann G. Jóhannsson leikara til að útfæra og semja sögurnar betur og hann bregður sér í líki dýranna með aðstoð búninga frá Helgu Rún Pálsdóttur. Kór Vogaskóla tekur þátt í flutningnum undir stjórn Ágústu Jónsdóttur.

Dýralöggin verða flutt í Laugarnesskóla miðvikudagsmorgun 20. maí og í Vogaskóla föstudag 22. maí. Elstu deildum á leikskólum hverfanna verður boðið að koma og hlusta.

**Tilnefnd:** Skólahljómsveit Austurbæjar

**Tilnefningaraðilar:** Foreldrafélag skólahljómsveitar Austurbæjar



## Starfsfólk leikskólans Álfaheiði

### Lífsmennt í leikskólanum Álfaheiði

Lífsmennt er alþjóðlegt námsefni sem byggt er á 12 alheimsgildum, friði, virðingu, kærleika, einingu, auðmýkt, hamingju, umburðarlyndi, einfaldleika, frelsi, ábyrgð, heiðarleika og samvinnu. Markmið námsefnisins er að styrkja jákvæða sjálfsmynd, byggja upp samskiptahæfileika sem grundvallast á virðingu, samvinnu og ábyrgð og kenna börnunum að njóta einfaldleikans og virða náttúruna.

Undanfarin ár hefur skólinn tekið fyrir verkefni sem hafa samvinnu og samstarf foreldra, barna og starfsfólks að leiðarljósi. Má þar nefna: umhverfismennt, lestrarátak, forvarnarverkefnið Verndarar barna og Lucas – styrktar barn leikskólans.

Lífsmennt er námsefni sem byggt er á gildum. Það býður upp á fjölbreytileg viðfangsefni og hagnýta aðferðafræði fyrir kennara og aðstoðarfólk sem vilja hjálpa börnum og ungu fólki að uppgötva og þroska með sér tólf persónuleg og félagsleg lykilgildi: frið -virðingu -kærleika -ábyrgð -hamingju -samvinnu -heiðarleika -auðmýkt -umburðarlyndi -einfaldleika -einingu -frelsi

Forsenda námsefnisins er að fullorðnir tileinki sér gildin því börn læra best það sem fyrir þeim er haft og eru því móttækilegust þegar þau sjá aðra nota gildin. Þolinmæði, kærleikur og að sjá fegurðina í hverju barni eru mikilvægir og ómetanlegir eiginleikar. Þetta er gjöf þess sem miðlar til barnanna þegar tekist er á við viðfangsefni. Hegðun þeirra veitir börnunum tækifæri til að upplifa gildin sem sín eigin og nota þau í samskiptum sínum við aðra. Í námsefninu er einnig sérstakt efni til að nota með foreldrum og uppalendum.

**Tilnefndir:** Starfsmenn leikskólans Álfaheiði

**Tilnefningaraðili:** Aðalheiður Gunnarsdóttir



## Valgerður Guðmundsdóttir og Guðlaug María Lewis Listasafn Reykjanesbæjar - 10 leikskólar

Tilgangurinn með Listasafninu er að sýna bæjarbúum hversu frábært og fjölbreytt menningarstarf er unnið innan leikskóla bæjarfélagsins.

Árið 2007 hóf Listasafnið samvinnu við einn leikskóla Reykjanesbæjar um að setja upp listsýningu barna í Duushúsum. Árið 2008 tóku sex leikskólar í Reykjanesbæ þátt í að setja upp listsýningu í tveimur sölum Duushúsa. Formleg opnun var í maí 2008 og síðan voru leik- og sönguppákomur tvisvar á dag í heila viku. Sýningin stóð í 10 daga og mátti þar sjá bæði sameiginleg verkefni og sér verkefni. Myndlistasýningin fór fram í Bíósal Duushúsa en leikur og söngur í Gryfjunni þar sem svið var til staðar. Yfirskrift þeirrar sýningar var *Börn*. Þar mátti sjá væntingar barna til framtíðar.

Í ár tóku allir leikskólar Reykjanesbæjar þátt í sýningunni, þeir eru tíu talsins, alls 810 börn, undir yfirskriftinni *Vínátta*. Hátíðin stóð yfir dagana 30. apríl – 8. maí 2009 og voru allir fjórir sýningarsalir Duushúsanna lagðir undir hátíðina.

„Ég á tvö börn í leikskóla í Reykjanesbæ, segir foreldri, þrjú ára og sex ára barna. Bæði tóku þau þátt í Listahátíð barnanna. Það var foreldrakaffi í þeirra leikskóla í endaðan apríl og á sitt hvorum gangi var búið að koma fyrir „Vínátthusól“ og vorum við foreldrarnir beðnir um að skrifa vínátukveðju á sólina. Þegar ég fór með börnunum mínum að skoða sýninguna, sá ég kveðju sem ég hafði skrifað sem hluta af verki yngsta barnsins. Það fannst mér mjög skemmtilegt, að sjá mitt framlag með framlagi barnanna. Vínátta og hugtak hennar hefur verið mjög ríkjandi á heimilinu og hjá yngra barninu er komin miklu meiri skilningur en var fyrir hátíðina. Það að fara á sýningu í listasafni, helgað verkum leikskólabarna og sjá hversu mikil virðing er borin fyrir verkunum og börnunum sem unnu að þeim er frábært.“

**Tilnefndar:** Valgerður Guðmundsdóttir og Guðlaug María Lewis

**Tilnefningaraðilar:** Starfsfólk leikskólans Tjarnarsels



## Leikskólinn Gimli og Nesvellir Reykjanesbæ Gaman saman

Markmiðið er að brúa bilið milli kynslóða, að börnin læri af eldri borgurum og njóti samvista við þá, einnig að eldri borgararnir kynnist heimi barnanna í nútímasamfélagi. Leikskólinn er í næsta nágrenni við Nesvelli, sem spannar m.a. þjónustu- og félagsmiðstöð og dagvistun eldri borgara og því er þetta tenging við grenndarsamfélagið.

Foreldrum er gefinn kostur á þátttöku í verkefninu. Verkefnið gefur tilefni til umræðna um stórfjölskylduna og tengir kynslóðirnar betur saman. Samverustundir leikskólarnanna á Gimli og eldri borgaranna á Nesvöllum eru fastir liðir í dagskrá beggja stofnananna.

Eldri borgarar á Nesvöllum koma í heimsókn á leikskólann og sungið er saman eða sagðar sögur. Þá fá eldri borgararnir að kynnast starfsemi leikskólans og börnunum betur. Börnin fara einnig í heimsóknir á Nesvelli til eldri borgaranna og fá þar að taka þátt í ýmsu í starfseminni, þau fara og dansa og syngja með eða fyrir eldri borgarana. Fyrir öskudaginn heimsóttu leikskólabörnin Nesvelli og eldri borgararnir kenndu þeim að sauma öskupoka, sem er hefð sem er að gleymast í íslensku nútímasamfélagi. Eldri borgararnir koma einnig annað slagið í kaffi og með því á Gimli og margt fleira einkennir samskipti þessara stofnana, sem eru kannski ekki svo ólíkar, eins og ein leikskólastúlkan sagði um Nesvelli: Sjáðu mamma, þarna er leikskólinn fyrir gamla fólkið!

**Tilnefndir:** Leikskólinn Gimli og Nesvellir

**Tilnefningaraðilar:** Foreldrafélag leikskólans Gimli, Sigurborg Magnúsdóttir  
formaður stjórnar þess



## **Karen Valdimarsdóttir og starfsfólk leikskólans Gimli**

### **Fjölskylduframlag**

Markmiðið með verkefninu er að efla samstarf fjölskyldna nemendanna og leikskólans, sem sagt að efla samstarf heimila og skólans. Einnig að auka skilning milli heimila og skóla.

Nemendum finnst sjálfsagt að foreldrar mæti í leikskólann á öllum tímum og taki þátt í starfseminni. Mikil gleði og vinátta ríkir á leikskólanum og smitar út frá sér inná heimilin. Foreldrar og börn þeirra fá tækifæri til að deila vitneskju og lagni fjölskyldu sinnar með öðrum á leikskólanum, hvort sem það er starfsfólkið eða aðrir nemendur skólans.

Í Hjallastefnuskólum er lögð mikil rækt við góða samvinnu milli heimilis og skóla þar sem traust tengsl leggja grunninn að velgengni barnsins. Þátttaka foreldra í starfi innan skólans er dýrmæt og kunna nemendur og kennarar vel að meta hana. Foreldrar og fjölskyldur leikskólabarnanna á Gimli eru hvattar til að taka þátt í starfi leikskólans á ýmsan hátt. Þannig koma fjölskyldumeðlimir og taka þátt í starfi skólans, til dæmis með því að segja börnunum sögur, kynna störf sín, hjálpa til á leikskólanum, sinna hinum ýmsu verkum sem þarf að framkvæma hvort sem það tengist beint umönnun barnanna eða að dytta að húsnæði skólans eða skólalóðinni. Fjölskyldurnar velja sjálfar hvert þeirra framlag er, hvernig það er útfært og hvenær.

Foreldrar kynnast starfsemi leikskólans betur, og fá betri innsýn í starf leikskólans og þá vinnu sem starfsfólkið leggur á sig til að veita mikilvægt innlegg í uppeldi barnanna. Einnig kynnist starfsfólkið foreldrunum betur og börnin kynnast foreldrum vina sinna. Þetta eykur traust foreldra til leikskólans.

**Tilnefnd:** Karen Valdimarsdóttir og starfsfólk leikskólans Gimli

**Tilnefningaraðilar:** Foreldrafélag leikskólans Gimli



## Foreldrafélag Flataskóla Málsháttasamkeppni

Markmið verkefnis er að auka áhuga nemenda á íslensku máli með því að þeir búi til nýja málshætti.

Verkefnið hefur verið í gangi í tvö ár og hafa nemendur sýnt því mikinn áhuga. Fjöldi málshátta hefur borist í samkeppnina frá nemendum í öllum árgöngum. Nemendur vinna verkefnið heima með aðstoð foreldra. Kennarar skólans hafa kynnt verkefnið fyrir nemendum og átt gott samstarf við foreldra um það. Fulltrúi frá skólanum tekur þátt í störfum dómnefndar. Þetta er mjög gott verkefni til samstarfs foreldra og barna þar sem áhersla er á íslenskt mál.

Verkefnið er kynnt í skólanum og þar fer fram umræða um það. Nemendur vinna það heima og skila í skólann. Þegar valdir hafa verið þeir málshættir sem hljóta viðurkenningu fá nemendur verðlaun og málshættirnir og höfundar þeirra eru kynntir í skólanum.

Verkefnið er gott tækifæri fyrir foreldra að vinna með börnum sínum og auka tengsl heimils og skóla. Það hefur vakið áhuga og athygli margra m.a. verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Foreldrar, nemendur og starfsfólk skólans hafa sýnt því mikinn áhuga.

**Tilnefnt:** Foreldrafélag Flataskóla

**Tilnefningaraðilar:** Skólastjórnendur Flataskóla



## **Foreldrafélag Flataskóla**

### **Samvera nemenda og foreldra í 7. bekk í Flataskóla**

Markmið verkefnisins er að styrkja samskipti nemenda og foreldra. Flutt er fræðsluerindi þar sem rætt er um ýmis gildi og reglur í uppeldi og samskiptum. Verkefnið hefur verið í gangi frá árinu 2006 þegar 7. bekkur var í fyrsta skipti í skólanum.

Foreldrafélagið kynnti hugmyndina að verkefninu fyrir skólastjórnendum. Félagið sér einnig um að fá fyrirlesara sem hafa verið félagsráðgjafi og sálfræðingar með góða reynslu af vinnu með unglingum.

Samstarf um verkefnið hefur verið með miklum ágætum og fjöldi foreldra hefur lýst ánægju sinni með það. Kennarar 7. bekkja og aðrir starfmenn taka þátt í verkefninu. Verkefnið er kynnt vel fyrir nemendum og einnig foreldrum. Fyrirlesturinn er haldinn á skólatíma nemenda og þátttaka foreldra er mjög góð.

Í fyrirlestrinum er fjallað um samskipti barna og foreldra. Mikil áhersla er lögð á að nálgast efnið, bæði frá sjónarhóli barnanna og foreldranna. Skemmtilegar umræður og skoðanaskipti eru oft á fundunum.

Nemendur og foreldrar mæta á fyrirlesturinn saman á skólatíma. Áhersla er á að nemendur sitji hjá foreldrum sínum. Allir eru hvattir til að taka umræðuna upp heima og ræða málin frá ýmsum hliðum. Það ætti að vera hægt þar sem nemendur og foreldrar fá góðar ábendingar sem hægt er að vinna með.

**Tilnefnt:** Foreldrafélag Flataskóla

**Tilnefningaraðilar:** Skólastjórnendur Flataskóla



## Foreldrafélag Réttarholtsskóla Örnámskeið fyrir nemendur og foreldra

Tilgangurinn er að styrkja skólasamfélagið í Réttó og efla félagsleg tengsl. Verkefnið var prófað í fyrsta skipti í nóvember 2008 og tókst gríðarlega vel. Stjórn foreldrafélagsins sér um utanumhald og foreldrar nemenda í skólanum eru kennarar á námskeiðunum.

Verkefnið hefur ótvírætt styrkt skólabraginn og þar með haft jákvæð áhrif á samstarf heimila og skóla. Námskeiðin fóru fram í húsnæði skólans. Námskeiðin voru fyrir nemendur skólans, fjölskyldur og aðra íbúa hverfisins. Á þeim vettvangi kynnist fólk, nemendur og foreldrar, í öðru umhverfi en venjulega, fræðist og hefur það gaman saman.

Námskeiðin byggjast á að foreldrar kenni öllum sem vilja og að allir hafi gagn og gaman að. Um er að ræða mörg „örnámskeið“, 20-40 mínútna löng sem fjalla um ýmis efni. Má nefna trjáklippingar,skyndihjálparnámskeið, kaffinámskeið, sýnikennslu í innþökkun, sjálfsvörn, Facebooknámskeið og skíðaumhirða.

**Tilnefnd:** Stjórn foreldrafélagsins, Sigrún Gunnarsdóttir

**Tilnefningaraðili:** Bergþóra Valsdóttir



## **Stjórn foreldrafélags Hvassaleitisskóla, Inga Ívarsdóttir**

### **Nýnemakaffi foreldrafélags Hvassaleitisskóla**

Tilgangurinn er að bjóða nýja nemendur og foreldra þeirra velkomna í skólann og hverfið. Ennfremur að kynna þeim skólann og það frítímastarf sem fer fram í hverfinu.

Stjórn foreldrafélagsins í Hvassaleitisskóla, fyrir hönd foreldra, bjóða nýjum foreldrum og nemendum í kaffi síðasta sunnudaginn í ágúst og hefur þetta verið í gangi 3-4 ár. Stjórn foreldrafélagsins sér um undirbúning og framkvæmd nýnemakaffisins. Þau sjá um veitingar og tryggja að samstarfsaðilar í hverfinu, kirkjan, íþróttafélagið, ÍTR o.fl. mæti og kynni sína starfsemi. Stjórn foreldrafélagsins kynnir ennfremur sína starfsemi og fulltrúar skólans kynna starf og stefnu skólans. Krakkarnir í 10. bekk sjá svo um leiðsögn fyrir nýnema og foreldra um skólann.

Verkefnið hefur ótvírætt upplýsingagildi en það aftur styrkir foreldra í sínum samskiptum og viðhorfum gagnvart starfsfólki skólans. Fulltrúar skólans kynna starfsemi skólans, stjórn foreldrafélagsins kynnir starfsemi foreldrafélagsins. Skólasamfélagið býður foreldra velkomna í skólann, veitir þeim mikilvægar upplýsingar sem gera þau betur í stakk búin til að eiga gott samstarf við starfsfólk skólans og aðra foreldra.

Það er mjög mikilvægt að fyrstu samskipti í kannski áralöngu sambandi og samstarfi séu jákvæð. Nýnemakaffið er slíkur atburður og vettvangur til að hefja samskipti og samstarf á jákvæðum nótum.

**Tilnefndir:** Stjórn foreldrafélags Hvassaleitisskóla, Inga Ívarsdóttir

**Tilnefningaraðilar:** Bergþóra Valsdóttir



## Starfsfólk Norðlingaskóla, Sif Vígbórsdóttir Skólaboðunardagur Norðlingaskóla

Skólaboðunardagur er leið til að ná því markmiði sem skólinn setur sér að samstarf heimilanna og skólans verði sem allra best. Skólaboðunardagurinn er skilaboð skólans til foreldra um að samstarfið eigi að vera gagnvirk, það sé ekki bara þannig að foreldrar eigi að koma í skólann, það geti líka verið á hinn veginn. Verkefnið hefur verið í gangi á hverju hausti frá 2005.

Fyrsti skóladagur á hverju hausti við Norðlingaskóla er svokallaður skólaboðunardagur en þá heimsækja tveir starfsmenn skólans alla nemendur skólans og boða þá í skólann. Starfsmenn skólans skipta heimilunum á milli sín og tveir starfsmenn heimsækja hvert heimili. Tilgangurinn með skólaboðunardeginum er m.a. sá að samskipti skólans og heimilanna eigi að virka í báðar áttir. Þannig er það undirstrikað að starfsmenn skólans séu líka færanlegir, það þurfi ekki alltaf að vera þannig að foreldrarnir komi í skólann heldur geti það líka verið á hinn veginn.

Í Norðlingaskóla er gert ráð fyrir því að foreldrar taki virkan þátt í skólastarfi barna sinna á þeim forsendum að þeir séu sérfræðingar í þörfum þeirra. Þegar sú sérfræði er samtvinnuð þeirri sérfræðipækkingu sem starfsfólk skólans hefur á námi og kennslu, eru miklar líkur á því að starfið verði gjöfult og árangursríkt fyrir nemendur. Þá er ljóst að skólaboðunardagurinn er mikilvægur þáttur í því að gera nemendur öruggari í samskiptum við starfsfólk skólans sem og þátttöku í starfi skólans. En skólinn leitar sífellt eftir því að líta á sig sem samfélag en ekki stofnun.

Skólinn sendir foreldrum og nemendum mjög skýr skilaboð um vilja til samstarfs með slíkum áherslum. Nemendur fá staðfestingu á því að foreldrar eru virkir þátttakendur í skólasamfélaginu. Foreldrar eru meðvitaðir og þátttakendur í því sem gerist í skólanum. Skólinn er ekki eyland heldur í raunverulegum tengslum bæði við foreldra og nemendur.

**Tilnefndir:** Starfsmenn Norðlingaskóla, Sif Vígbórsdóttir

**Tilnefningaraðili:** Bergþóra Valsdóttir



## **Starfsmenn leikskólans í Grænatúni**

### **Stefna og námskrá leikskólans í Grænatúni**

Markmið leikskólans er að virkni og áhugahvöt barnsins verði í fyrirrúmi og frumkvæði þess og sjálfstæði örvað í starfi og leik. Leikurinn og gleðin verði okkar leiðarljós.

Leikskólinn í Grænatúni heldur í ár uppá 25 ára afmæli og margir starfsmenn hafa starfað þar í mjög mörg ár þannig að starfsmannavelta er ekki mikil. Það gefur starfi skólans ákveðinn stöðugleika sem skilar sér til barnanna. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, en leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Öruggt umhverfi í leikskólanum þar sem börnin læra góða siði, eins og hreinlæti, frágang og snyrtimennsku, málrækt myndsköpun, tónlist, hreyfingu og um náttúru og umhverfi, gefur þeim gott veganesti til að þroskast og verða að betri einstaklingum. Það skilar sér án efa heim til barnanna.

Mjög gott samstarf er á milli foreldra og starfsmanna leikskólans. Foreldrar barna í leikskólanum í Grænatúni þekkja vel kennara barnsins og annað starfsfólk leikskólans og samskiptin byggjast á gagnkvæmri virðingu og trausti eins og segir í námskrá Grænatúns.

**Tilnefndir:** Starfsmenn leikskólans í Grænatúni

**Tilnefningaraðilar:** Foreldrafélag leikskólans í Grænatúni



## Skólayfirvöld Rangárþingi eystra Samfella skólastarfs og íþróttá- og tómsundastarfs

Tilgangurinn er að ná fram samfelli hjá nemendum á grunnskólaaldri í tómsundastarfi og grunnskólanámi og koma til móts við þarfir dreifbýlisins með sparnað á akstri í huga. Markmið er að spara tíma með það í huga að foreldrar og börn geti haft meiri tíma saman. Að skóladegi og tómsundum barna sé lokið á svipuðum tíma og vinnudegi foreldra lýkur.

Fyrsti vísir að samfellunni og samstarfinu var samstarf Hvolsskóla og Tónlistarskóla Rangæinga um forskólaáennslu í tónlist. Það samstarf hefur varað frá 1995 fyrir nemendur 1. – 4. bekkjar, foreldrum að kostnaðarlausu.

Nemendur allra bekkja hafa tækifæri til að stunda tónlistarnám á skólatíma og/eða innan tíma samfellunnar. Rangárþing eystra gerir samstarfssamninga við íþróttafélög um þjónustu við börn til 18 ára aldurs þar sem sveitarfélagið greiðir ákveðna upphæð ætlaða í þjálfarakostnað. Hjá sumum félögum dugar upphæðin fyrir þjálfarakostnaði yngri flokka. Auk þess leggur sveitarfélagið til frítt húsnæði og keppnisaðstöðu. Aukinn skólaakstur þannig að nemendur úr dreifbýli hafa val um að taka skólabíl heim kl. 13, 14:30 eða 17:00. Sveitarfélagið leggur til starfsmann sem starfar náði með íþróttá- og æskulýðsnefnd sveitarfélagsins að skipulagi samfellunnar í samstarfi við skóla, íþróttafélög og aðra aðila sem að samfellunni koma. Sveitarfélagið hefur átt gott samstarf við Hvolsskóla um rekstur félagsmiðstöðvar í húsnæði skólans en áður var félagsmiðstöðin í sérhúsnæði.

Sveitarfélagið Rangárþing eystra er að dómi undirritaðs til fyrirmyndar í málefnum fjölskyldunnar. Það hefur sýnt vilja og styrk til að byggja upp fjölskylduvænt samfélag þó svo að oft hafi gefið á bátinn. Hér hefur áherslan verið á að hlúa að skólum samfélagsins og æskulýðsstarfi.

**Tilnefndir:** Skólayfirvöld í Rangárþingi eystra

**Tilnefningaraðilar:** Unnar Þór Bøðvarsson, skólastjóri Hvolsskóla

